# Kaup JBT á hlutabréfum í Marel hf. - TILBOÐ 1

*Greitt með evrum*

## Upplýsingar sem þarf að hafa við höndina

- Nafnverð hlutabréfanna í Marel sem þú seldir JBT.
- Hversu mikið þú fékkst greitt í evrum.
- Gengi evru var 146,26 kr. á söludegi (4. febrúar 2025).

## Svona eru fjárhæðir reiknaðar sem færa ber í framtalið

Helgi seldi hlutabréf í Marel að nafnverði 1.000 kr. fyrir 3.600 evrur.

3.600 x 146,26 = **526.536 kr.**
greiðsla í evrum x gengi evru á söludegi = **söluverð hlutabréfa í Marel**

## 1 Sala á bréfum í Marel




Þar sem upplýsingar um sölu hlutabréfa eru ekki áritaðar á hlutabréfablað RSK 3.19, verður að færa þær inn.

1. **Fyrst þarf að opna hlutabréfablaðið.**
   Það er undir „Sameiginleg fylgiskjöl" ef þú skilar framtali með maka, en annars undir „Fylgiskjöl".
2. **Næst er að færa inn söluna á Marel.**
   Hlutabréfin í Marel eru í flestum tilvikum í flokki 1 „Almenn hlutabréf", en kunna þó að vera í flokki 2 eða 4.
3. **Smellt er á bláa hnappinn fyrir aftan kennitölu.**
   Þá opnast skráningarmyndir þar sem færa ber inn viðeigandi upplýsingar.

**1 - Almenn hlutabréf**

| Almennar upplýsingar | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | |
|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) |
| 6204830369 | Marel hf. | 1.000 | 400.000 |
| 4411021230 | Ljósafjall ehf. | 500.000 | 500.000 |
| | | | |
| Ný lína | Samtals | 501.000 | 900.000 |




Færa ber inn dagsetninguna 04.02.2025. Þar sem kaupandinn er erlendur er færð inn kennitalan 9999999999. Þá ber að færa inn nafnverð seldra hlutabréfa í Marel og söluverð þeirra (sjá formúlu í dæminu hér fyrir ofan).

Ef þú seldir oftar en einu sinni í félaginu á síðasta ári á að setja inn upplýsingar um hverja sölu fyrir sig í sér línu. Smellt er á hnappinn „Ný lína" til að fjölga þeim.

Smellt er á „Áfram" hnappinn til að komast í þriðja þrep.

Séu reitir vegna arðgreiðslu óútfylltir, ber að færa inn upplýsingar um dagsetningu hennar, fjárhæð og afdregna staðgreiðslu.

Að lokum er smellt á „Áfram" hnappinn til að fara aftur á hlutabréfablaðið sjálft.

Athugaðu að ekki er hægt að færa hærri fjárhæð en 22% af greiddum arði í reitinn „Afdregin staðgreiðsla". Ef félagið eða vörsluaðili hélt eftir hærri fjárhæð en sem því nemur skalt þú færa inn útskýringar í athugasemdadálk á forsíðu framtals með réttri fjárhæð arðs og staðgreiðslu.

## 2 Hlutabréfablaðið fyrir og eftir

### Hlutabréfablaðið áður en búið er að færa inn upplýsingarnar

**1 - Almenn hlutabréf**

| Almennar upplýsingar | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í árslok | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/ sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 6204830369 | Marel hf. | 1.000 | 400.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.000 | 400.000 |
| 4411021230 | Ljósafjall ehf. | 500.000 | 500.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 500.000 | 500.000 |
| | Samtals | 501.000 | 900.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 501.000 | 900.000 |

### Hlutabréfablaðið eftir að búið er að færa inn upplýsingarnar

**1 - Almenn hlutabréf**

| Almennar upplýsingar | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í árslok | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/ sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 6204830369 | Marel hf. | 1.000 | 400.000 | 0 | 0 | 0 | | 526.536 | 1.000 | 400.000 | 126.536 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 4411021230 | Ljósafjall ehf. | 500.000 | 500.000 | 0 | 0 | 0 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 500.000 | 500.000 |
| | | 501.000 | 900.000 | 0 | 0 | 0 | | 526.536 | 1.000 | 400.000 | 126.536 | 0 | 0 | 500.000 | 500.000 |

**Til upplýsinga**

Fyrir hverja nafnverðskrónu í Marel fengu þeir sem völdu þessa leið 3,60 evrur í reiðufé.

Skatturinn